

Skrifstofa Alþingis

Austurstræti 8 – 10

150 Reykjavík.

4. mars 2021.

Umsögn vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um matvæli, nr. 93/1995, með síðari breytingum (sýklalyfjanotkun).

Þingsskjal 141 – 140. mál.

I. Inngangur.

Undirritaður hefur áður veitt umsögn um sambærilegt mál, vegna þingskjals 1189 – 753 mál – 2019. Það er góðra gjalda vert hjá flutningsmönnum frumvarpsins, að vekja athygli á því vandamáli sem sýklalyfjaónæmi getur valdið. En það er talið nær óframkvæmanlegt að koma réttum og nákvæmum upplýsingum til skila til neytenda, um mismun á notkun sýklalyfja hér á landi og í öðrum löndum, sem gæti gert þeim kleift að nota slíkar upplýsingar við innkaup sín á matvælum af afurðagefandi dýrum, með markvissum hætti.

Varðandi merkingar um upprunaland matvælna þá er talið mest um vert fyrir neytandann að fram komi hvort matvælin séu að öllu leiti íslensk, eða komi frá öðru EES landi eða landi utan EES, sjá nánar í greinargerð.

Meðalnotkun sýklalyfja í afurðagefandi dýr á EES svæðinu er gefin upp sem selt magn miðað við lífmassa dýranna. Þetta kemur vel út á Íslandi og í Noregi, þar sem hlutdeild fiskeldisins í lífmassanum er verulegur, en notkun sýklalyfja hverfandi. Í flestum tilfellum er óframkvæmanlegt að fá nákvæmar og réttar upplýsingar um sýklalyfjanotkun í þeirri dýrategund, sem gáfu af sér viðkomandi matvæli, sjá nánar í greinargerð.

Einnig skal bent á að tölfræðilega mun vera marklaust að bera saman meðaltöl.

II. Tillaga.

Lagt er til að gerð verði breyting á frumvarpinu og að hún nái aðeins til ákvæða um merkingu upprunalands á matvælum í smásölu og að hún verði svohljóðandi:

Á eftir 15. gr. laganna kemur ný grein er verður 15. gr. a, svohljóðandi:

Fyrirtæki sem hafa með höndum smásölu matvæla skulu tryggja með merkingum í sölurýmum, að neytendur hafi greiddan aðgang að upplýsingum um upprunaland matvælna og þar skuli koma fram að lámarki, hvort varan sé að öllu leiti framleidd á Íslandi, í öðru EES landi eða í landi utan EES.

III. Greinargerð.

A. Varðandi merkingar matvælna þá er það sjálfsgöð krafa íslenskra neytenda að fá upplýsingar um upprunaland þeirra matvælna sem þeir eru að kaupa, en talið er mestu máli skipti að þeir fái að vita hvort varan sé upprunin á Íslandi þar sem þeir þekkja best til eða í öðrum EES löndum, þar sem framleiðsla matvælna lýtur sömu kröfum hvað varðar matvælalöggjöfina og á Íslandi. Erfiðara er fyrir neytendur að átta sig á öryggi matvælna frá löndum utan EES svæðisins, svokölluðum þriðju löndum. Ef matvælin hafa komið í gegnum innflutning til einhvers lands á EES svæðinu, þá ættu þau að hafa verið framleidd undir sambærilegum kröfum og er að finna í matvælalöggjöfni sem er í gildi á þessu svæði. Slíkar vörur verða að koma frá landi sem er undir eftirliti matvæladeildar ESB og hefur fengið leyfi til að selja viðkomandi vöru inn á EES svæðið og þá aðeins vöru sem framleidd er í fyrirfram ákveðnum fyrirtækjum, sem er á sérstökum listum ESB. Þessar vörur eru síðan skoðaðar í þar til gerðum landamærastöðvum, þegar þær eru fluttar til EES ríkis. Þar koma bæði varan og pappírar henni meðfylgjandi til skoðunar áður en innflutningur á EES svæðið er heimilaður eða honum er hafnað. Í þessu sambandi má nefna sem dæmi, að strangt eftirlit með lyfjaleifum er eitt af því fyrsta sem þriðja ríki er krafist um að sé fullnægjandi, áður en innflutningur er heimilaður. Það skal enn fremur bent á, að það er ekki beint samband á milli notkunar sýklalyfja í dýrum annars vegar og lyfjaleifum í afurðum hins vegar, að því gefnu að lyfin hafi verið rétt notuð og að afurðanýtingarfrestur hafi verið virtur.

Það geta verið frekari vandkvæði á framkvæmd slíkra merkinga á umbúðum matvælna, ef tryggja á að neytandinn fái réttar upplýsingar, sem skipti máli varðandi val hans í innkaupunum. Þar má nefna að í löndum Evrópusambandsins er markaður með með dýr fjáls og því getur dýr fæðst í einu landi, verið alið upp í öðru, slátrað í því þriðja og kjötið unnið og pakkað í neytendaumbúðir í því fjórða. Upplýsingar um síðustu tvö löndin hafa í raun og veru takmarkað upplýsingagildi fyrir neytandann á Íslandi.

B. Varðandi upplýsingar um meðalnotkun sýklalyfja við framleiðslu matvælna, þá er það í flestum tilfellum óframkvæmanlegt, að fá nákvæmar og réttar upplýsingar um sýklalyfjanotkun í þeirri dýrategund, sem gáfu af sér viðkomandi matvæli. Af þessum sökum er ekki hægt að mæla með þessum hluta frumvarpsins og helstu rök fyrir því eru eftirfarandi:

Innleiðing á slíkri kröfu hefði í för með sér að Ísland þyrfti að vera tilbúið að gefa samsvarandi upplýsingar um meðalnotkun sýklalyfja við framleiðslu matvælna á Íslandi, sem eru unnin úr afurðum afurðagefandi dýra, en slíkar upplýsingar um sýklalyfjanotkun í hverri dýrategund fyrir sig eru ekki til í nægjanlega nákvæmu formi.

Í gildi er reglugerð nr. 303/2012 um rafræna skráningu dýralækna á dýrasjúkdómum og lyfjameðhöndlun, oft kölluð Heilsa. Í 1. grein um tilgang og gildissvið segir;

Reglugerð þessi fjallar um rafræna skráningu dýrasjúkdóma, dýralæknisaðgerða og meðhöndlun dýra með lyfseðilsskyldum lyfjum. Tilgangurinn er að stuðla að bættu eftirliti með heilsufari dýra og heilnæmi afurða og leggja grunn að auknum forvörnum gegn sjúkdómum í búfé. Reglugerðin er sett með heimild í 17. gr. laga nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, 29. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, 10. gr. laga nr. 96/1997 um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðis-

skoðun og gæðamat á sláturafurðum og lyfjalögum. Reglugerðin er sett af atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu í samráði við velferðarráðuneytið, sbr. 6. mgr. 33. gr. lyfjalaga nr. 93/1994.

Reglugerðin nær enn sem komið er aðeins til nautgripa og hrossa, en brýnt er orðið að breyta reglugerðinni þannig að hún gildi einnig fyrir sauðfé, svín og alifugla, en helst fyrir öll dýr. Mikilvægt er að haldið sé utan um notkun lyfja í dýr, bæði afurðagefandi dýr og gæludýr, með tilliti til matvælaöryggis og sýklalyfjaónæmis. Miðað við hve mikils er neytt af dýraafurðum, er nauðsynlegt að við slátrun búfjár sé tryggt að afurðanýtingarfrestur gagnvart sýklalyfjum sé liðinn.

Það er einnig mikil þörf á að Matvælastofnun hafi áreiðanlegar upplýsingar um sýklalyfjanotkun í öll dýr, því rétt notkun þeirra er undirstaða fyrir baráttunni gegn sýklalyfjaónæmi í bakteríum. **Eins og staðan er í dag er ekki markvisst utanumhald um notkun lyfja fyrir öll dýr.**

Í október 2015 skilaði OIE – Alþjóðadýraheilbrigðismálastofnunin ágætri skýrslu um dýralæknakerfið á Íslandi, í kjölfar sérstakrar úttektar og þar var m.a. bent á eftirfarandi atriði:

- Að meiri samhæfing sé nauðsynleg á milli Matvælastofnunar og Lyfjastofnunar varðandi eftirlit með notkun dýralyfja í afurðagefandi dýr, (bls. 106 og 108).
- Að eftirlitsmenn stofnananna fari saman í eftirlit til dýralækna með lyfjasölu, eins og tíðkast hafi, en við gerð skýrslunnar 2015 hafi ekkert eftirlit farið fram í 2 – 3 ár, (bls. 108).
- Að krafa verði gerð um skráningar samkvæmt reglugerð nr. 303/2012 vegna allra dýra, (bls. 107).

Þegar birtar eru tölur um notkun sýklalyfja í dýrum á Íslandi þá ber þess að geta að hér er um að ræða upplýsingar um seld lyf. Með í þessum upplýsingum eru fiskar í fiskeldi taldir til dýra. Notkun sýklalyfja í fiskeldi hér á landi er hverfandi og nánast engin. Notkun á dýralyfjum er gefin upp sem magn miðað við lífmassa dýranna og þar sem fiskeldi er töluvert stór hluti af lífmassanum, þá koma þessar tölur vel út fyrir Ísland. Þó skal ekki dregið úr því að notkun sýklalyfja í búfé á Íslandi er með því lægsta sem þekkist.

Hvað varðar upplýsingar um meðalnotkun sýklalyfja við framleiðslu matvæla í öðrum löndum á EES svæðinu þá gildir það sama og hér á landi, það er að segja að notkun á dýralyfjum er gefin upp sem selt magn miðað við lífmassa dýranna. Þetta kemur vel út fyrir Noreg, þar sem hluti lífmassans í fiskeldi er gífurlegur, en eins og hér á landi er notkun sýklalyfja í fiskeldi þar nú lítil. Almennt má segja að lítið eða ekkert er um áreiðanlegar tölur um notkun sýklalyfja í hverri búfjartegund fyrir sig, en þó má geta þess að Danir hafa haldið úti nokkuð góðum gagnagrunni um notkun á sýklalyfjum í búfjareldi.

Það má einnig benda á að texti frumvarpsins sem snýr að upplýsingum um meðalnotkun sýklalyfja við framleiðslu matvæla í viðkomandi landi, er ekki í samræmi við aðra áhættuþætti sem skipta meira máli varðandi hættuna á að sýklalyfjaónæmar bakteríur berist til landsins. Hér má nefna áhættuna af ferðamönnum sem koma til landsins og ófullnægjandi stöðu salernis – og frárennismála víða á landsbyggðinni. Einnig má nefna innflutning á

grænmeti, en í því sambandi skal vitnað í skýrslu starfshóps yfirdýralæknis, sóttvarnalæknis og deildarstjóra á Keldum frá 2017 um aðgerðir til að draga úr útbreiðslu sýklalyfjaónæmra baktería á Íslandi, en þar segir m.a.:

Almennt er þó talið að lítil hættu sé á að ónæmar bakteríur berist í fólk með neyslu búfjárafurða þar sem þær eru að jafnaði hitameðhöndlaðar (soðnar/steiktar) fyrir neyslu og bakteríurnar þannig drepnar. Annað gildir um grænmeti sem borðað er hrátt. Því má færa fyrir því rök að líkur á smiti frá grænmeti geti verið meiri en frá kjöti.

IV. Niðurstaða.

Bæta verður alla stjórnábylgju varðandi notkun sýklalyfja í dýr og hugsanlega áhættu vegna sýklalyfjaónæmis hér á landi.

Til að hafa nauðsynlega yfirsýn vegna notkunar á sýklalyfjum fyrir dýr hér á landi og áhættu á sýklalyfjaónæmi þar að lútandi, þá er talið skipta miklu máli að reglugerð nr. 303/2012 verði endurskoðuð og verði að minnsta kosti látin gilda fyrir nautgripi, hross, sauðfé, svín og alifugla.

Nauðsynlegt er að skráningum samkvæmt reglugerðinni verði betur framfylgt og eftirlit þar að lútandi verði eftt, meðal annars með því að taka tillit til ráðlegginga í skýrslu frá OIE – Alþjóðadýraheilbrigðismálastofnuninni frá 2015, þar sem m.a. var lagt til:

- Að krafa verði gerð um skráningar samkvæmt reglugerð nr. 303/2012 vegna allra dýra.
- Að meiri samhæfingu verði komið á, milli Matvælastofnunar og Lyfjastofnunar varðandi eftirlit með notkun dýralyfja í afurðagefandi dýr.
- Að eftirlitsmenn stofnananna fari saman í eftirlit til dýralækna með lyfjasölu.

Við samningu þessarar umsagnar hef ég notið yfirlesturs og ábendinga frá eftirfarandi dýralæknum, sem hafa mikla þekkingu og reynslu á þessu sviði, innanlands sem alþjóðlega:

- Katrínu Andrésdóttur frv. héraðsdýralækni, lýðheilsufræðingur, heilbrigðisfulltrúi og stjórnarmaður í Sýklalyfjaónæmis- og súnusjódnum.
- Ólafi Valssyni, frv. héraðsdýralækni og síðar starfsmanni ESA - Eftirlitsstofnunar EFTA og núverandi starfsmanni OIE - Alþjóðadýraheilbrigðismálastofnunarinnar.
- Ólafi Oddgeirssyni, frv. forstöðumanni Rannsóknastofu mjólkuriðnaðarins, og síðar starfsmanni ESA - Eftirlitsstofnunar EFTA og eiganda Food Control Consultants í Skotlandi og núverandi fulltrúi Evrópu í WVA – Heimssamtökum dýralæknafélaga.

Virðingarfyllst,

Halldór Runólfsson, fyrrverandi yfirdýralæknir og skrifstofustjóri í ANR.